

Skólaráðsfundur haldinn á Stokkseyri 16.apríl 2010-04-16

Mættir eru: Fulltrúar nemanda Ívar Þór Elíasson og Björg Einarsdóttir, fulltrúi foreldra; Sveinn Rúnar Jónsson og Málfríður Garðarsdóttir, fulltrúi starfsmanna Ingibjörg Ársælsdóttir, fulltrúi kennara; Hildur Bjargmundsdóttir og Guðrún Thorsteinsdóttir, og Arndís Harpa Einarsdóttir skólastjóri.

Harpa setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Harpa sagði frá því að á næsta skólaári verður niðurskurður. Nýr sérkennari hefur verið ráðinn, Katrín Andrésdóttir og mun hún starfa bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri. Ákveðið hefur verið að sameina 8. og 9. bekk að hluta til á næsta skólaári.
2. Lítið hefur gerst í nýju skólabyggingunni. Tryggingafélagið ákvað að borga út tryggingaféð í stað þess að fara í framkvæmdir og er byggingin því komin aftur á borðið hjá sveitarfélaginu. Stefnt er á því að byrja að vinna þar í þessari eða næstu viku.
3. 6.bekkur var í Alviðru í síðustu viku og gekk það mjög vel. 9.bekkur fer á Laugar í næstu viku og 10.bekkur í starfskynningar. Þetta hefur verið unnið í miklu og góðu samstarfi við foreldra.
4. Umræður urðu um frjálsíþróttamót sem haldið var á Selfossi 15.apríl. Harpa sendi póst á íþróttakennara og bað þá um að kynna mótið fyrir krökkunum en það var ekki gert. Í framhaldi af þeirri umræðu var talað um Spurningakeppni Grunnskóla en útfærsla af þeirri keppni er í Vallaskóla (Kveiktu!). Athuga þyrfti hvernig BES getur haldið utan um og tekið þátt í keppnum af þessu tagi.
5. Önnur mál
 - a. Sveinn er með hugmynd um fjáröflun fyrir 10.bekk og var því vísað til foreldra í 10.bekk.
 - b. Vordagar, mikil ánægja með vorhátíðina í fyrra. Stefnt á svipað fyrirkomulag í ár með smávægilegum breytingum.
 - c. Vorferðir. Athuga hvort að það megi ekki nota almenningssamgöngur til að fara aðeins út fyrir þorpin og fá foreldra í samstarf. T.d. kom upp sú hugmynd að fara með strætó í Hveragerði, fara í sund og bakarí.

Annað ekki rætt og fundi slitið.
Hildur Bjargmundsdóttir